

Íbúaráð Kjalarness

Ár 2024, fimmtudagurinn, 12. september, var haldinn 50. fundur íbúaráðs Kjalarness. Fundurinn var haldinn í Klébergsskóla og hófst kl. 16.32. Eftirtaldir fulltrúar voru viðstaddir: Ellen Calmon, Sigrún Jóhannsdóttir Guðfinna Ármannsdóttir, Hildur Guðbjörnsdóttir, Olga Ellen Þorsteinsdóttir og Þorkell Sigurlaugsson. Fundinn sátu einnig Heimir Snær Guðmundsson sem ritaði fundargerð og Ragnar Harðarson.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf Skipulagsgáttar, dags. 18. júlí 2024, með umsagnarbeiðni Reykjavíkurborgar um verklýsingu vegna breytinga á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 – Kjalarnes og dreifbýl svæði. USK24060309
Samþykkt að gera ekki athugasemdir.
2. Lagt fram bréf Skipulagsgáttar, dags. 18. júlí 2024, með umsagnarbeiðni Reykjavíkurborgar um verklýsingu vegna breytinga á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 – Álfsnes, Esjumelar. USK24060310
Samþykkt að gera ekki athugasemdir
3. Lagt fram bréf Skipulagsgáttar, dags. 29. ágúst 2024, með umsagnarbeiðni Reykjavíkurborgar um skipulagslýsingu vegna gerð nýs deiliskipulags fyrir syðri hluta jarðarinnar Hrafnhóla á Kjalarnesi. USK24030113
Samþykkt að gera ekki athugasemdir.
4. Lagt fram bréf Skipulagsgáttar, dags. 12. júní 2024, um niðurstöður að loknu kynningarferli vegna breytinga á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 – skotæfingasvæði á Álfsnesi. USK23030130
5. Lagt fram erindi íbúa á Kjalarnesi, dags. 1. júní 2024, varðandi Félagsstarf 60 ára og eldri á Kjalarnesi. MSS24010072

Íbúaráð Kjalarness leggur fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráðið leggur áherslu á að starfinu sé haldið áfram og að fjármagn sé tryggt til frambúðar enda mikilvægt lýðheilsumál. Velferðarsvið og menningar- og íþróttasvið eru hvött til að tryggja þessa starfsemi til frambúðar. Reynslan sýnir að verkefnið er vel sótt og hefur jákvæð áhrif á samfélagið á Kjalarnesi.

6. Lagt fram fundadagatal íbúaráðs Kjalarness – haust 2024. MSS22080127
Frestað.
7. Fram fer umræða um útfærslu á GaGa velli á skólalóð í tengslum við Hverfið mitt. MSS24090073

Íbúaráð Kjalarness leggur fram svohljóðandi bókun:

Í ljós hefur komið að útfærsla á GaGa velli á skólalóð Klébergsskóla hefur ekki verið unnin í samráði við skjólastjórnendur Klébergsskóla. Samtal er hafið á milli skólastjórnenda og forsvarsmanna Hverfið mitt og er það von íbúaráðsins að málið verði leyst í sátt allra aðila án þess að gengið sé á önnur leiksvæði á skólalóðinni.

8. Fram fer umræða um málefni hverfisins. MSS22090034

9. Lögð fram greinargerð Önnu Lyck Filbert, dags. 1. september 2024, vegna verkefnisins Sumarblóm við Klébergslaug. MSS24030095

Fundi slitið kl. 17:20.

Ellen Calmon

Sigrún Jóhannsdóttir
Þorkell Sigurlaugsson

Hildur Guðbjörnsdóttir
Olga Ellen Þorsteinsdóttir
Guðfinna Ármannsdóttir